

Alþingi
Erindi nr. P 139/2542
komudagur 19. 5. 2011

Reykjavík, 18. maí 2011

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili, þskj. 1225-706 mál.

Dómarafélag Íslands kemur hér með á framfæri eftirfarandi athugasemdum við ákvæði ofan nefnds frumvarps.

Í nálgunarbanni og einkum brottvísun af heimili felst viðurhluta mikið inngríp í réttindi þeirra sem hlut eiga að máli. Er því mikilvægt að réttaröryggi hlutaðeigandi sé tryggt svo sem best er kostur.

1. Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið svo á um að heimilt sé að beita nálgunarbanni ef:

a) *rökstudd ástæða* er til að ætla að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola og í 5. gr. er kveðið svo á um að heimilt sé að beita brottvísun af heimili ef:

a) *rökstudd ástæða* er til að ætla að...

Dómarafélag Íslands telur að í stað orðalagsins *rökstudd ástæða*, væri skýrara að nota orðalagið *rökstuddur grunur*.

2. Þá er athugandi hvort 2. málslíður 6. gr. frumvarpsins er óþarfur, þar sem í 1. málslíðu 6. gr. er kveðið svo á um að nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili verði aðeins beitt þegar ekki þyki sennilegt að friðhelgi brotaþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti.

3. Í III. kafli laganna er fjallað um málsmeðferð hjá lögreglu. Í 1. mgr. 7. gr. er kveðið á um að ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili skuli tekin á grundvelli beiðni skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr., eða ef ríkir almannahagsmunir, einkahagsmunir eða hagsmunir vegna rannsóknar máls og/eða dómsmeðferðar sakamáls krefjast þess. Þá er kveðið á um það í 2. mgr. 7. gr. að lögreglustjóri skuli hraða meðferð máls og taka ákvörðun svo fljótt sem auðið er. Þá segir í 1. mgr. 8. gr. að lögreglustjóra sé skylt að tilnefna sakborningi verjanda vegna meðferðar máls.

Í kaflanum er hins vegar ekki kveðið á um það hvernig haga skuli meðferð beiðni fram að töku ákvörðunar. Liggur því m.a. ekki ljóst fyrir hvort lögreglu beri að kynna þeim sem krafan beinist að, sakborningi, kröfuna og gefa honum kost á að tjá sig um hana áður en ákvörðun er tekin. Er mikilvægt af tekin séu af öll tvímæli í lagatextanum varðandi málsmeðferðina hjá lögreglu.

4. Í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ákvörðun skuli birt fyrir sakborningi eða fyrir lögmanni hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu. Í ljósi þess að kveðið er á um það í 1. mgr. 8. gr. að tilnefna

beri sakborningi verjanda er rétt að orða ákvæðið í samræmi við það, þannig að ákvörðun skuli birta fyrir sakborningi eða fyrir *verjanda* hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hafi skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu.

5. Í 10. gr. frumvarpsins er kveðið svo á um að lögreglustjóri synji beiðni samkvæmt 1. eða 2. mgr. 3. gr., *ef ekki eru talin efni til að verða við henni*. Að mati DÍ færi betur á að orða ákvæðið með þeim hætti að lögreglustjóri synji beiðni samkvæmt 1. eða 2. mgr. 3. gr., *ef skilyrði II. kafla laganna eru ekki talin vera fyrir hendi*.

Að öðru leyti en að ofan greinir hefur Dómarafélag Íslands ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar DÍ


Ingvaldur Einarsdóttir

formaður